



Erindisbréf fyrir bæjarráð Seltjarnarness

Meginhlutverk:

Bæjarráð Seltjarnarnesbæjar fer með, í umboði bæjarstjórnar, umsjón með fjármálum Seltjarnarnesbæjar samkvæmt lögum og reglugerðum er þar að lúta* og því sem bæjarstjórn felur því. Þá skal ráðið fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Seltjarnarnesbæjar eins og hún er hverju sinni.

Bæjarráð fer ásamt framkvæmdastjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn bæjarins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin. Það hefur eftirlit með stjórnsýslu bæjarins og fjármálastjórn hans, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir bæjarstjórn. Þá sér það um að ársreikningar séu samdir reglum samkvæmt og lagðir til meðferðar og afgreiðslu.

Meðal verkefna bæjarráðs er:

- að starfa með bæjarstjóra,
- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn um erindi er tengjast fjárhagsáætlun bæjarins,
- að fylgjast með framkvæmd samþykkt, laga og reglugerða er snerta starfssvið ráðsins,
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu þeirra mála er hún fær til meðferðar,
- að vinna ásamt bæjarstjóra að nauðsynlegum undirbúningi stefnumótunar og markmiðssetningar bæjarstjórnar í samræmi við þá framtíðarsýn er hún hefur á hverjum tíma,
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar með starfi fagnefndar nái fram að ganga,
- að fjalla um fjárhagsáætlun hvers árs og þriggja ára áætlun,
- gerir tillögu til bæjarstjórnar um skiptingu og ráðstöfun fjár sem áætlað er til einstakra málaflokka,
- gerir tillögur til bæjarstjórnar um álagningshlutföll og gjaldskrár vegna þjónustu bæjarins við íbúa í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar hverju sinni,
- að gera tillögu til bæjarstjórnar um útgáfu fræðsluefnis og hverskyns aðra kynningu til íbúa Seltjarnarnesbæjar, fyrirtækja og stofnana um þau mál sem falla að verkum við ráðsins,

- að fjalla um önnur þau mál sem bæjarstjórn felur ráðinu.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála. Bæjarráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem eigi varða verulega fjárhag sveitarsjóðas eða stofnana hans, enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við framkvæmdastjóra um ákvörðunina, en á meðan bæjarstjórn er í sumarleyfi fer nefndin sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella.

Bæjarráð hefur heimild til fullnaðarafgreiðslu einstakra mála sem samkvæmt samþykktum bæjarfélagsins hafa áður komið til umfjöllunar annara nefnda sveitarstjórnar. Bæjarráð tekur ársreikninga til umfjöllunar áður en þeir eru lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst vera í þágu allra íbúa sveitarfélagsins sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í ráðinu að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa.

*Sérstaklega stjórnslögum nr. 37/1993, upplýsingalögum nr. 140/2012, sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, ásamt öðrum lögum, reglugerðum og auglýsingum er ótalin eru hér.

Skipan, fundir og starfshættir:

Bæjarráð skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara kosnum af bæjarstjórn að loknum bæjarstjórnarkosningum. Aðalmenn og varamenn skulu koma úr hópi aðalmanna í sveitarstjórn Auk kjörinna fulltrúa situr bæjarstjóri fundina með málfrelsi og tillögurétt. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann bæjarráðs. Fjármálastjóri ritar fundargerðir. Aðrir starfsmenn bæjarins sitja fundi bæjarráðs eftir því sem málefni gefa tilefni til.

Bæjarstjóri undirbýr fundi ráðsins í samráði við formann. Hann sér um að ráðið sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá að minnsta kosti einum sólarhring fyrir fund. Formaður boðar að jafnaði til fundar einu sinni í mánuði.

Formleg erindi, fyrirspurnir og mál er bæjarráði berast skulu skráð í málaskrá bæjarins áður en þau eru tekin fyrir á fundum. Á sama hátt skal eftir fund skrá mál er ráðið samþykkir að vinna að. Skjalastjóri ber ábyrgð á að skráning og eftirfylgni mála séu í samræmi við reglur Seltjarnarnesbæjar hverju sinni.

Bæjarráð getur enga ályktun gert nema meirihluti nefndarmanna sitji fund. Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls, nema annað sé ákveðið á lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það. Bæjarráðsmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarherbergi ráðsins við umræðu og afgreiðslu þess, sbr. 3., 4. og 5. greinar Stjórnslulaga nr. 37/1993.

Fulltrúar í ráðinu og aðilar sem sitja fundi þess eru bundnir þagnarskyldu. Óheimilt er að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Sama gildir um atriði sem aðilar fá vitneskju um og leynt skulu fara eðli máls samkvæmt. Þagnarskylda helst, þó að látið sé af störfum.

Samþykkt í bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar þann 11.12.2013.